

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 — 1982

21. ágúst 1982.

773

Nr. 464.

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi.

1. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að nýta heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., til þess að ákveða, að það sölugengi myntar, sem skráð er hér á landi við opnun gjaldeyrisafgreiðslu banka hinn 23. ágúst 1982, skuli gilda við ákvörðun tollverðs til loka ágústmánaðar. Jafnframt hefur ráðuneytið ákveðið, að það sölugengi myntar sem skráð er hér á landi við opnun banka hinn 28. hvers mánaðar (eða næsta vinnudag þar á eftir, ef ekki er opið í banka þann dag) skuli gilda við ákvörðun tollverðs næsta almanaksmánuð á eftir, enda fari tollafgreiðsla viðkomandi vöru fram í þeim mánuði.

Verði breyting á sölugengi myntar umfram 3% á einum degi skal tollafgreiðslugengi þeirrar myntar breytast til samræmis við hið nýja sölugengi og gildir hið nýja tollafgreiðslugengi til loka mánaðarins, sbr. 1. mgr.

Liggi skjöl fullbúin hjá tollstjórum áður en tollafgreiðslugengi var afskráð skal tollafgreiða vöru samkvæmt hinu afskráða gengi, enda fari tollafgreiðsla fram fyrir lok fimmta starfsdags á skrifstofum tollstjóra, talið frá lokum þess dags þegar nýtt gengi var skráð.

Ofangreind ákvörðun er bundin þeirri forsendu, að venjuleg gengisskráning sé fyrir hendi í hérlendum bönkum, enda fellur móttaka tollskjala niður þegar gengi myntar er ekki skráð.

2. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., sbr. 10. gr. laga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir, og tekur gildi 23. ágúst 1982. Skal skráð sölugengi hinn 23. ágúst gilda sem tollafgreiðslugengi fyrir ágústmánuð 1982.

Við gildistöku auglýsingar þessarar fellur úr gildi auglýsing nr. 427 8. desember 1978.

Fjármálaráðuneytið, 21. ágúst 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.